

sem var sú, að hann neitaði þrenningarkenningunni. Það ein til sagnir af mörgum atburðum þessum líkum. Prófessor Banet Maury, sem er manna bezt að sér um þessa hluti, segir: „Endurskírararnir líktust að mörgu leyti únítörum. Hvorirtveggju tóku ritninguna framyfir erfðakenningarnar, eins og þeim var haldið fram af páfunum. Hvorirtveggju hugsuðu sér gagngerða umbót á kyrkjunni, og vildu afnema alla siði og kenningar, sem ekki voru auðsjáanlega byggðar á biblíunni. Hvorirtveggju voru móttfallnir hinum yfirskilvitlegu trúardeilum, og höfðu sínu mætur á siðferðismálum og því sem snerti mannlífið. Hvorirtveggju álitu, að það, sem gerði manninn kristinn, væri lífveri hans, en ekki trúarkreddur. Flestir endurskírarar neituðu með únítörum rétttrúnaðarkenningunni um holdtekju, þó sumir væri þeir þrenningartrúar.

Unitarískar skoðanir urðu einnig til á öðrum stöðum. Summar áttu rót sína að rekja til annara landa en Hollands. Rit slíkra brautryðjenda únítarískrar trúar, sem Mikael Servítusar, spánverjans, sem Kalívín lét brenna í Genf, og Faustus Sociusar frá Ítalíu, sem únítaríska hreyfingin á Póllandi var nefnd eftir, bárust til Hollands, og voru lesin af mörgum.

Einnig verður að geta Erasmusar, eins hins frægasta fræðimanns Hollendinga á siðabótartímabilinu. Erasmus var álitinn af mörgum andstæðingur þrenningarkenningarinnar, og var það tilefni til haturs og vantrausts. Hver skoðun hans var í því efni, er í rauninni ómögulegt að segja um. Hann játaði sjálfur að hann væri þrenningartrúarmaður, samt sem áður verður því ekki neitað, að í sumum ritum sínum styður hann mjög únítarískar skoðanir, og var þannig skilinn af mörgum samtíðarmönnum sínum. En hvað sem því líður, hafði hann mikil áhrif í frjálslyndisáttina. Hann útbreiddi þekkingu og mælti með rannsókni í öllu og umburðarlyndi í trúmálum; og hið gríska nýja testamenti hans átti meiri þátt en nokkur önnur bók í því að auka álit kristinna fræðimanna á siðbótinni.

Holland er nógu nálægt Þýzkalandi og Sviss, og samband þess við bæði þessi lönd var svo náið á sextánda öldinni, að hinar stóru trúarumbóta hreyfingar, sem þar áttu upptök sín